



Ársskýrsla um skólahald Menntaskólans á Ísafirði 2010



Útskriftarnemar ásamt stjórnendum skólans í Ísafjarðarkirkju 22. maí 2010

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hlutverk.....	3
Skipulag.....	3
<i>Innritun nemenda</i>	4
Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall.....	4
Námsframboð og skipting nema á brautir	6
Tafla 2. Skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir 2007-2010.	6
Útskrift.....	8
Starfsmannahald	9
Framkvæmd markmiða, stefnu og áætlunnar til umbóta.....	12
Markmið	12
Stefna.....	14
Umbótaáætlun MÍ.....	16
Ýmsir viðburðir á árinu	18
Helstu viðburði í skólalaldinu voru þessir samkvæmt samþykktu skólaalmanaki	18
Samstarf og sérverkefni	4
Vinna við námskrárgerð og innleiðingu framhaldsskólalaga	7
Fjármál og rekstur	10
Skólakostnaður 2010-2011.....	11

Inngangur

Í ársskýrslu þessari er farið yfir þau verkefni sem Menntamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í skólasamningi fyrir átrið 2010. Starfssemi skólans er lýst og áhersla lögð á birtingu tölulegra upplýsinga með samanburði við skólastarfið nokkur ár á undan.

Hlutverk

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Hlutverk Menntaskólans á Ísafirði er að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Boðið er upp á verknám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs.

Skipulag

Skólanámskrá sem var samþykkt síðast 14. janúar 2010 er á heimasíðu skólans <http://www.misa.is/skolanamsskra/>. Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár. Skipulag skólans hefur verið nær óbreytt í allmörg ár. Skólinn hefur bundið áfangakerfi sem þýðir að flestir áfangar eru annaðhvort í boði á haustönn eða á vorönn, fáir áfangar eru í boði allt skólaárið og sumir áfangar eru einungis í boði annað hvert skólaár. Með þessu fyrirkomulagi næst fram hámarksnýting í hópa. Út af þessu var þó brugðið frá haustönn 2004 til haustannar 2006 en þá voru flestir áfangar í boði báðar annir. Áfangakerfið gerir nemendum kleift að hafa áhrif á námshraða sinn og kjósa margir nemendur að hraða námi sínu en öðrum hentar að fara hægar yfir.

Skólaárið skiptist í tvær annir. Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægum lokaprófum. Skólaárið er nú skilgreint samkvæmt lögum frá 22. ágúst til 31. maí.

Fjöldi kennsludaga árið 2010 voru 150 í samanburði við 148 árið 2009 og hefur þeim fjölgað á kostnað prófadaga. Skólinn stefnir að því að fækka prófadögum og fjölga kennsludögum enn frekar með því að taka upp leiðsagnarmat í fleiri áföngum og minnka vægi lokaprófa enn meira.

Innritun nemenda

Skólinn hefur hingað til getað þjónað breiðum nemendahópi á þann hátt að sem flestir fá menntun við hæfi. Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Á vorönn var sérstök kynning fyrir grunnskólanema í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum og var þeim þá boðið í skólann. Þar var námsframboð kynnt og húsakynni sýnd og stjórn nemendafélagsins kynnti félagslífið.

Rafræn innritun í framhaldsskóla var nú í fyrsta sinn tvískipt, þ.e. nemendur fæddir 1994 eða síðar og luku námi úr 10. bekk grunnskóla gátu sótt um 12.-16. apríl og gátu síðan endurskoðað val sitt 7.-11. júní. Innritun eldri umsækjendur fæddra 1993 eða fyrr hófst 20. apríl og stóð til 31. maí. Af 77 nemendum sem luku námi úr 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum höfðu um miðjan maí 68 sótt um skólavist við skólann. Athygli vakti að 16 höfðu sótt um skólavist hér til vara. Á síðasta ári komu 84 eða 97% nemenda úr 10 bekk í skólann af norðanverðum Vestfjörðum. Heimtur voru nánast eins á þessu ári þegar innritun lauk 11. júní. Eftir valdag 25. mars og forinnritun nýnema í apríl var áætlun gerð um áfanga í boði og hópafjölda. Síðan var kennsluskipting gerð og áætluð þörf fyrir dreifnám út frá hópastærðum. Kennsluskipting var síðan borin undir sviðstjóra og síðan kynnt fyrir einstökum kennurum. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir þá innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Innritun í dreifnám lauk þegar um vika er liðin af upphafi vorannar en á haustönn var tekin sú stefna að bjóða nemendum frekar upp á svo kallað P-nám þar sem aðstæður til náms utan hefðbundinna kennslustunda hefur breyst með aukna notkun upplýsingatækni í nær öllum áföngum.

Nemendafjöldi, kennslumagn og brottfall

Nemendahópurinn er að mestu af norðanverðum Vestfjörðum og hefur þessi hópur tæpast annan valkost. Skólinn verður því að vera með fjölbreytt námsframboð til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér þá í samræmi við áhugamál sín og hæfileika. Við upphaf haustannar Menntaskólans á Ísafirði töldust skráðir ársnemendur vera 308 en urðu 312 eftir töflubreytingar. Nýnemar voru 77 og voru allir frá norðan verðum Vestfjörðum. Á heimavist voru skráðir 12 nemendur sem er svipað og var á síðasta ári. Einn nemandi í Háskólasetri Vestfjarða fékk leigt á vistinni og þá fengu þrír leikmenn í KÍ leigt á vistinni.

Í töflu 1 er yfirlit yfir kennslumagn og nemendafjölda og brottfall úr áföngum 2003-2010.

Tafla 1. Kennslumagn, ársnemendur og brottfall dagskólanema 2003-2010

Önn	Kest/viku Dagskóli	Veikindaföröll	Kest/viku Dreifnám	Kest/viku Starfsbraut	Kest/viku Kvöldskóli	Samt. kest./viku	Yfirvinna kist/mán vegna kennslu	Kest/viku Grunnsk.-valgr. í verknámi	Nýnemar í 10. b. norðanv. Vestfj.	Innr. nýnemar	Heimtur nýnema %	Ársn. í dagskóla-efrir föflubreytingar	Ársnem. í próf	Brottfall úr áföngum í dagskóla
20031	544		0	94	64	702		0				276	249	9,8%
20032	572		0	72	62	706		0	97	81	84%	315	277	12,1%
20041	619		0	66	34	719		0				306	272	11,1%
20042	625		0	62	41	728		0	91	96	105%	337	284	15,7%
20051	634		0	62	36	732		0				311	298	4,2%
20052	677		0	55	46	778		0	80	83	104%	337	295	12,5%
20061	676		0	64	24	764		0				258	241	6,5%
20062	584		0	58	0	642		0	71	71	100%	293	276	5,8%
20071	593		26	65	0	684		0				267	236	11,9%
20072	578		27	61	19	685	530	0	80	54	68%	286	252	11,9%
20081	598		25	63	38	724	702	0				268	235	12,3%
20082	537		12	69	17	634	780	14	83	77	93%	271	249	8,1%
20091	517		13	64	28	622	628	14				274	240	12,4%
20092	526	30	18	43	12	629	656	16	87	84	97%	298	284	4,7%
20101	506		11	38	6	561	344	16				271	242	10,7%
20102	512	30	4	39	0	585	433	12	80	77	96%	312	283	9,1%

Vegna veikindaforfalla eins kennara á haustönn 2009 og á haustönn 2010 þurfti skólinn að greiða 30 kest/viku. Kennsla vegna valgreina grunnskólanema á norðanverðum Vestfjörðum greiðist af sveitarfélögum.

Kennslumagn hefur verið skorið niður sem nemur um þremur stöðugildum frá árinu 2008 en frá þeim tíma hafa þrír kennarar látið af störfum í 2,5 stöðugildi. Í stað þess að ráða nýja kennara var sú kennsla sem þessir kennarar sinntu færð á kennara sem fyrir voru. Yfirvinna hefur samt minnkað vegna hagræðingar á áföngum í boði. Þetta skýrir að mestu þann viðsnúning sem orðið hefur á rekstri skólans síðustu ár. Þrátt fyrir að yfirvinna sé nokkur þá virðist ekki hagkvæmara að fjölga kennurum á kostnað yfirvinnu. Þvert á móti virðist hagkvæmara að hafa einhverja yfirvinnu og ráða stundakennara í einstakar greinar. Minnkandi brottfall og aukin aðsókn nemenda hefur skilað fleiri ársnemendum en um leið hafa fleiri útskrifast. Frekari fækkun kennslustunda verður tæplega gerð nema minnka enn frekar námsframboð skólans og þá sérstaklega námsframboð verknámsgreina. Það myndi leiða til fækkunar nemenda.

Námsframboð og skipting nema á brautir


Námsframboð skólans er fjölbreytt eins og áður og reyndar á mörkum þess sem skólinn ræður við hvað varðar fjárheimildir. Skipting nema á námsbrautir er sýnd í töflu 2 og er miðað við stöðuna 2. febrúar og 15 október.

Tafla 2. Skipting nema eftir höfðatölu á námsbrautir 2007-2010.


Skst. brauta	Heiti námsbrauta	Haust 2007		Haust 2008		Haust 2009		Vor 2010		Haust2010	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
AN	Almenn námsbraut	53	15%	49	13,9%	52	15,4%	43	13,8%	29	9,6%
FÉ	Félagsfræðabraut	85	25%	97	27,6%	81	24,0%	112	36,0%	108	35,8%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	6	2%	7	2,0%	2	0,6%	3	1,0%	0	0,0%
NÁ	Náttúrufræðibraut	56	16%	62	17,6%	67	19,9%	62	19,9%	76	25,2%
HG9	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	1	0%	2	0,6%	3	0,9%	3	1,0%	1	0,3%
SB	Starfsbraut	5	1%	8	2,3%	5	1,5%	5	1,6%	5	1,7%
SJ	Sjúkraliðabraut	21	6%	20	5,7%	22	6,5%	19	6,1%	18	6,0%
GRAFO 2	Grunndeild rafiðna	1	0%	4	1,1%	1	0,3%	0	0,0%	0	0,0%
MG	Grunnnám málmíðngreina	11	3%	15	4,3%	13	3,9%	9	2,9%	10	3,3%
VSS	Stálsmiði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	4	1,1%	10	3,0%	0	0,0%	1	0,3%
VS8	Vélvirkjun	0	0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	2	0,7%
HÚ8	Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	10	3%	14	4,0%	6	1,8%	6	1,9%	6	2,0%
HÚ9	Húsasmíði - samningsbundið iðnnám	7	2%	1	0,3%	12	3,6%	4	1,3%	1	0,3%
MEI	Almennt iðnmeistaránám	18	5%	10	2,8%	9	2,7%	3	1,0%	0	0,0%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1%	8	2,3%	3	0,9%	1	0,3%	0	0,0%
VVA	Vélstjórnánám 1.stig	30	9%	15	4,3%	25	7,4%	29	9,3%	32	10,6%
VVB	Vélstjórnánám 3stig	0	0%	10	2,8%	3	2,7%	1	0,3%	5	1,7%
HG	Hársnyrtiðnbraut	10	3%	6	1,7%	12	3,6%	10	3,2%	8	2,6%
STÚ	Samfélagstúlkun	17	5%	20	5,7%	5	1,5%	1	0,3%	0	0,0%
Samtals höfðatala:		344		352		331		311		302	
Á iðn- og starfsnámsbrautum		103	30%	87	24,7%	104	30,9%	83	26,4%	83	27,5%

Nýnemar skipuðust þannig á námsbrautir: Á almenna námsbraut voru 14 nemendur skráðir, á félagsfræðabraut voru 19, á náttúrufræðibraut var 31 nemandi skráður, í grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina voru 4, 3 nýnemar voru skráðir í grunnnám málmíðngreina og þar af 1 í grunnnám bíliðna. Í Vélstjórnarnám voru 4 nýnemar. Námsframboð og aðsókn í einstakar brautir val nemenda hefur breyst nokkuð síðustu 10 árin eins og sést á mynd 1 og 2 sem sýnir skiptingu nema á brautir haustið 2001 en þá voru nokkuð færri nemendur en nú er.

Samtals 73 grunnskólanemar í 9. og 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum sóttu tvo tíma á viku í verknámsgreinum þ.e. tréið, hárið, snyrtigreinum, málsmíði og áfanga sem kallast vélar og rafmagn. Er þetta þriðja önnin sem þessar valgreinar eru í boði á kostnað sveitarfélaganna. Undanfarin allmörg ár hafa stjórnendur skólans lagt á það áherslu að auka námsframboð verknámsbrauta og hafa alla aðstöðu til verknáms eins og best verður á kosið.



Mynd.1. Skipting 98 nýnema á haustönn 2001 á heimilaðar brautir við MÍ. Athyglisvert er að 30% nýnema völdu verknámsbrautir á haustönn 2001 en þá voru 21% nema í verknámi.



Mynd 2. Skipting 281 dagskólanema á brautir haustið 2001. Verknámsnemar voru 47 eða 17%.

Að meðaltali voru 28% nemenda í verknámi á árinu. Líklegt að þetta ásamt auknu námsframboði verknámsgreina hafi átt mestan þátt í þeirri auknu aðsókn í iðngreinar sem raun ber vitni.

Sífelld er verið að auka eftirlit með nemendum og veita þeim aðhald og hvetja þá til að sinna náminu vel. Það er freistandi að álykta sem svo að aukið aðhald frá skólanum hafi borið þann árangur að brottfall minnki. Brottfall var svipað á báðum önnum eða um 10% sem er svipað og verið hefur undanfarið. Meirihluti nemenda er með slaka skólasókn og alltof margir nemendur fá áminningu af þeim sökum. Þó bera að geta þess hér að 132 nemendur fengu sérstaka viðurkenningu frá skólanum vegna góðrar skólasóknar og reglusemi.

Dræm aðsókn á einstakar brautir og þá aðallega verknám hefur leitt til þess að skólinn hefur orðið að fella niður brautir tímabundið eins og staðreyndin hefur verið með matartækninám og grunndeild rafiðna en í fimm ár hefur sú braut ekki verið starfrækt.

Skólinn býður einnig upp á ýmsar valgreinar. Þjálfun keppnis- og afreksíþróttar var áfram í boði fjórða árið í röð. Nýjung í námsframboði skólans er nám fyrir björgunarsveitarfólk samtals 8 einingar á þremur önnum sem gefa réttindi sem björgunarmenn í björgunarsveitum. Samningur var gerður við Björgunarskóla Íslands um kennslu sem var bæði í formi námskeiða hér og í fjarnámi. Um 20 namar skráðu sig í námið. Hermann Níelsson íþróttakennari hafði umsjón með þessu námi.

Skólakórinn var áfram undir styrki stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Um 30 nemendur hafa verið í kórnum.

Eins og verið hefur frá haustönn 2007 þá býður skólinn öllum grunnskólanemendum í 9. og 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum upp á val í verknámsgreinum þ.e. tréið, hárið, snyrtigreinum, málmsmíði og áfanga sem kallast vélar og rafmagn. Um 70 nemendur voru skráðir í þessar greinar á báðum önnum.

Útskrift

Brautskráning og skólaslit fór fram í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 22. Maí. Þá útskrifuðust 54 nemendur með náms- eða starfsréttindi. Sem skiptust þannig: 16 af félagsfræðabraut, 9 af náttúrfræðibraut, 1 af viðskipta- og hagfræðibraut, 3 með viðbótarnám af starfsbrautum til stúdentsprófs, 1 af sjúkraliðabraut, 4 af húsasmíðabraut og þar af 3 með meistararéttindi, 1 með meistararéttindi í stálmíði, 1 vélvirki, 8 með vélstjórnarréttinda A-náms og 9 vélaverðir smáskipa og 1 í samfélagstúlkun. Þá kvöddu skólann 2 skiptinemar sem

dvöldu hér við nám í vetur. Verðlaun til minningar um Jón Leós, veitt fyrir félagsstörf, góða ástundun og námsárangur og verðlaun fyrir hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi hlaut Anna Marzellíusardóttir stúdent af náttúrufræðibraut með meðaleinkunnina 9,57.

Við útskriftarathöfn í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. desember voru 7 nemendur útskrifaðir með náms- eða starfsréttindi: 1 af vélstjórn, 2 af sjúkraliðabraut, 2 af félagsfræðabraut og 2 af náttúrufræðibraut. Samtals var 61 nemandi brautskráður á árinu sem er mun minna en á síðasta ári en þá voru 107 nemendur útskrifaðir á árinu með náms- eða starfsréttindi.

Starfsmannahald

Skólaárið 2009-2010 störfuðu við skólann 38 starfsmenn þar af voru að jafnaði 30 kennarar í 26 stöðugildum á haustönn en í 23,3 stöðugildum á vorönn. Í heilum stöðum voru 32 starfsmenn sem deildu með sér 37 stöðugildum. Yfirvinna í kennslu nam 4,9 stöðugildum á haustönn 2009 en á vorönn 2010 var yfirvinna í kennslu 2,5 stöðugildi. Á haustönn 2010 voru starfsmenn 34. Með kennsluréttindi voru samtals 21 kennari. Á vorönn voru 15 starfsmenn með meistarapróf og einn með doktorspróf og er það hæsta hlutfall sem verið hefur. Í töflu 3 er sýndur fjöldi og kynjaskipting starfsmanna frá haustönn 2008.

TAFLA 3: STARFSMANNAFJÖLDI OG KYNJASKIPTING Í MÍ FRÁ HAUSTÖNN 2008

	H08	V09	H09	V10	H11
Konur	18	19	15	16	16
Karlar	21	23	21	22	18
Alls:	39	42	36	38	34

Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari var í fæðingarorlof i til 1. febrúar. Hreinn Þorkelsson var ráðinn í stöðu áfangastjóra við upphaf vorannar þegar Friðgerður Ómarsdóttir lét af störfum sem áfangastjóri og snéri sér alfarið að kennslu. Gísli Halldór Halldórsson fjármálastjóri sem var að hluta í námsleyfi kom til starfa að fullu við upphaf vorannar.

Um vorið létu 9 starfsmenn af störfum: Catherine Mercy sem kenndi frönsku í hálfu starfi frá haustönn 2007, Elfar Reynisson sem kenndi tréiðngreinar og stærðfræði frá haustönn 2007, Guðjón Torfi Sigurðsson sem starfað hafði sem upplýsingatæknistjóri og kennari í upplýsingatækni og stærðfræði frá haustönn 2008, Hallgrímur Hróðmarsson sem kenndi stærðfræði og raungreinar, Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingar sem kenndi sjúkraliðagreinar, Gunnar Páll Eydal jarðfræðingur og Hlynur Guðmundsson jarð-

verkfræðingur sem kenndu náttúrufræði og Rúnar Arnarson sem kenndi á starfsbraut í stað Emils Inga Emilssonar sem var í námsleyfi. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir í fullt starf á haustönn: Páll Gunnar Loftsson var ráðinn húsvörður frá 15. ágúst í stað Guðna Ásmundssonar sem lét af störfum í lok ágúst vegna aldurs. Dóróthea Einarsdóttir var ráðin raungreinakennari í fullt starf og tók við af Hallgrími Hróðmarssyni sem lét af störfum í vor.

TAFLA 4. STÖÐUGILDI Í ÖÐRUM STÖRFUM EN KENNSLU

	20082	20091	20092	20101	20102
Skólameistari	100%	100%	100%	100%	100%
Aðstoðarskólameistari	75%	75%	0%	42%	75%
Áfangastjóri	75%	75%	100%	75%	75%
Staðg. aðstoðarskm.	0%	0%	0%	25%	0%
Námsskrárstjóri	50%	50%	50%	50%	50%
Fjármálastjóri	30%	30%	30%	100%	100%
Fjármálafulltrúi	70%	70%	70%	8%	0%
Náms- og starfsráðgjöf	100%	100%	100%	90,4%	100%
Upplýsingatæknistjóri	100%	31%	31%	33%	3%
Félagsmálastjóri	12.5%	12.5%	3%	3%	3%
Forvarnarfulltrúi	12.5%	3%	3%	3%	3%
Bókavörður	100%	75%	75%	75%	75%
Stuðningsfulltrúi	0%	50%	0%	25%	0%
Sérkennsla	0%	0%	0%	0%	0%
Ritari	100%	100%	100%	100%	100%
Húsvörður	100%	100%	100%	100%	100%
Ritun sögu MÍ	33%	33%	8%	0%	0%
Heimavistarvarsla	50%	50%	30%	35%	35%
Verkefnisstjórn/Ungt fólk utan skóla	0%	0%	0%	100%	0%
Ræsting	309%	309%	309%	273%	273%
Samtals stöðugildi	12,92	12,50	11,08	12,37	10,91
Breyting á stöðugildum frá 2008		-0,41	-1,84	-0,55	-2,01

Við upphaf haustannar voru komu 29 kennarar að kennslunni sem er sami fjöldi og var fyrir ári og deildu þeir með sér 23 stöðugildum. Emil Emilsson snéri nú aftur úr sínu námsleyfi og kenndi íslensku og varð umsjónarmaður starfsbrautar eins og áður. Sigríður Ragna Jóhannsdóttir kenndi hjúkrunarfræði, séra Fjöltnir Ásbjörnsson kenndi siðfræði og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir líkamsbeitingu. Þá var Una Þóra Magnúsdóttir ráðin sem stundakennari í sjórétti. Í veikindaförföllum Guðmundar Þórs Kristjánssonar komu til kennslu Eiríkur S. Aðalsteinsson, Heiðar Kristinsson, Pétur Jónasson og Víðir Ólafsson. Að auki bættu þeir Guðmundur Einarsson og Tryggvi Sigtryggson við sig kennslu. Námskrárstjóri er ráðinn til

ágúst 2011 en ráðning hans verður endurskoðuð í ljósi þess hvernig gengur að aðlaga skólastarfið að nýjum framhaldsskólalögum.

Sviðstjórar voru 11 eins og árið áður og fengu þeir samtals 12 þrep ofan á launin sem jafngilda um 25% stöðugildi. Þeir eru ráðnir til 1. ágúst 2011.

Sviðstjórar 2009-2011:

1. Emil Ingi Emilsson, starfsbraut
2. Guðmundur Einarsson, vélstjórnargreinar
3. Hermann Níelsson, íþróttagreinar
4. Hildur Halldórsdóttir, raungreinar og sjúkraliðagreinar
5. Hrafnhildur Hafberg, íslenska
6. Jóhann Kristjánsson, stærðfræði og viðskiptagreinar
7. Margrét Skúladóttir, háriðn- og snyrtigreinar
8. Rúnar Helgi Haraldsson, samfélagsgreinar
9. Stefan Gunther, erlend tungumál
10. Tryggvi Sigtryggsson, málmiðngreinar
11. Þröstur Jóhannesson, tréiðngreinar

Forvarnarstarf var ekki á höndum sérstaks forvarnarfulltrúa en í þess stað var forvarnarteymi skipað stjórnendum, námsráðgjöfum og þeim kennurum sem kenndu lífsleikni. Upplýsingatæknistjórnun er í höndum eins kennara og fékk hann 1 tíma á viku ofaná launin vegna þessara starfa sem felast fyrst og fremst í að leiðbeina kennurum. Fjármálastjóri sér nú um að halda utan um allar fartölvur skólans og koma þeim í viðgerð eftir þörfum. Þrátt fyrir kröfur um niðurskurð og aðhaldsaðgerðir skertist þjónusta við nemendur ekki mikið og til marks um það þá störfuðu á skrifstofu skólans 11 starfsmenn og deildu með sér 7 stöðugildum sem er skerðing um 0,75 stöðugildi frá fyrra ári en er 1,4 stöðugildum meira en var fyrir 10 árum síðan.

Heimavistarvarsla var höndum Hreins Þorkelssonar og Jóhanns Kristjánssonar á vorönn en á haustönn var Hreinn eingöngu með vistarvörsluna en starfshlutfall var það sama. Hugljúf Ólafsdóttir sá um matseld í mötuneyti skólans eins og mörg undanfarin ár. Katrín Gunnarsdóttir verður áfram bókavörður. Aðrar stöður og sérverkefni voru óbreyttri skipan og frá síðasta skólaári.

Framkvæmd markmiða, stefnu og áætlunar til umbóta

Markmið

Yfirmarkmið skólans er að stuðla að uppbyggilegu skólastarfi, heilbrigðum aga og haldgóðum undirbúningi frekara náms og starfa. Önnur markmið eru:

1. Að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Undirmarkmið:

Að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Að við lok náms í Menntaskólanum á Ísafirði er stefnt að því að nemendur:

- kunni skil á réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi
- hafi öðlast alhliða þroska og búi yfir félagslegri- og borgaralegri hæfni
- hafi öðlast vitund og ábyrgð gagnvart umhverfi sínu og geti notið menningarlegra verðmæta
- hafi öðlast siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu, umburðarlyndi, sjálfsaga og hófsemi

Leið að markmiðum: Umhyggja, festa og skipulag. Kennsla, nám og félagsstörf.

Hlutlægt mat á árangri: Námsmat. Kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra, kennara, starfsfólk og stjórnendur samkvæmt sjálfsmatsáætlun.

2. Að stuðla að uppbyggilegu skólastarfi, heilbrigðum aga og haldgóðum undirbúningi til frekara náms og starfa.

Undirmarkmið:

Að við lok náms í Menntaskólanum á Ísafirði er stefnt að því að nemendur:

- hafi öðlast þjálfun í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýnni hugsun
- geti tjáð sig bæði í ræðu og á riti
- geti beitt þeim vísindalegu vinnubrögðum sem kennd eru í framhaldsskóla
- séu færir um að vinna með öðrum
- hafi gott vald á upplýsingatækni
- geti leitað sér þekkingar og viti að nám fer fram alla ævi
- geri sér ljóst að námi lýkur ekki við lok skólagöngu heldur er unnt að halda áfram að afla sér nýrrar þekkingar og reynslu

Leið að markmiðum: Umhyggja, festa og skipulag. Kennsla og nám

Hlutlægt mat á árangri: Námsmat. Kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra, kennara, starfsfólk og stjórnendur samkvæmt sjálfsmatsáætlun.

Vinna við skólasamning milli Mennta- og menningamálaráðuneytis og Menntaskólans á Ísafirði fyrir næstu þrjú skólaárin er í sífældri endurskoðun. Skólasamningurinn er mun viðameiri en áður og kveður á um helstu áherslur í starfsemi skólans og önnur mikilvæg atriði sem snerta þjónustu og rekstur skólans. Auk þess er hann umgjörð um samskipti og upplýsingamiðlun aðila.

Í skólasamningi 2010-2012 er í öðrum kafla samningsins getið um stefnu, markmið og sjálfsmat. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir hvernig til tókst en annars er vísað til sjálfsmatskýrslu sem send var til ráðuneytisins 20. jan. 2011 (sjálfsmatskýrsla Menntaskólans á Ísafirði 2009-2010).

Stjórnendur skólans stuðla að því með ýmsum hætti að nemendur fái góða kennslu og góða aðstöðu til náms og styðja kennara til að gera þeim starfið auðveldara og auka þannig gæði kennslunnar. Kemur það fram í starfsmannastefnu, endurmenntunarstefnu og markmiðssetningu skólans ásamt sjálfsmatsáætlun skólans. Á starfsdögum við upphaf haustannar var haldið námskeið um kennsluhætti og námsmat. Skólinn leitast við að efla leiðsagnarmat og símat og draga úr vægi lokaprófa. Sérstakur vinnuhópur meðal kennara, undir stjórn Hreins Þorkelssonar áfangastjóra, vinnur að innleiðingu leiðsagnarmats. 51% áfanga lauk í vor með lokaprófi nú á vorönn en á jólaprófum var lokapróf í 40% áfanga. Stefnt er að því að á haustönn 2012 verði 80% áfanga með leiðsagnarmat. Innleiðing leiðsagnarmats hefur leitt til meiri samræðu milli kennara í ólíkum greinum og jafnhliða hafa kennsluáðferðir og námsmat fengið meri umræðu á kennarafundum en oft áður.

Gæði kennslu eru metin með kennslukönnun og var síðast gerð í nær öllum áföngum í nóvember. Í svörum nemenda kemur fram almenn ánægja með kennara skólans. Verknámskennarar fá sérstaklega góða umsögn frá nemendum.

Í niðurstöðum könnunar meðal nemenda í HÍ, sem birt var í apríl s.l kemur fram að 57,2% svarenda segjast vera mjög sammála eða frekar sammála um að nám við MÍ veiti góðan undirbúning fyrir framhaldsnám. Athygli vekur að 61,9% svarenda telja sig hafa fengið góðan undirbúning í ensku sem er verulega hærra en að meðaltali hjá þeim skólum sem könnunin náði til. Ýmislegt annað í niðurstöðum þessarar könnunar bendir til þess að skólinn virðist undirbúa nemendur sína vel fyrir háskólanám.

Í desember 2010 kom út skýrsla um SKILVIRKNI FRAMHALDSSKÓLA (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal). Hver skóli fékk upplýsingar um sig og samanburð við alla aðra skóla. Könnunin var gerð vorið 2008 og var svarhlutfall í MÍ um 45% eins og hjá öllum í heild. Ekki hefur gefist tækifæri til að taka skýrsluna fyrir í sjálfsmatsnefnd og greina

niðurstöður. Við lauslega könnun virðist skólinn koma almennt betur út í skilvirkni en að meðaltali. Þessar könnun og niðurstöður hennar verða nýttar fyrir könnun sem gerð verður um skilvirkni skólans Niðurstöður þessarar skýrslu mun nýtast skólanum til frekari umræðu og könnunar um skilvirkni skólans almennt sem verður væntanlega lögð fyrir í október 2011.

Stefna

Stefna Menntaskólans á Ísafirði er birt í skólanámskrá og verður hér lagt mat á hvernig þeirri stefnu hefur verið framfylgt.

1. Kjörorð skólans eru metnaður, víðsýni, virðing, árangur. Skólinn stefnir að því að nemendur jafnt sem starfsfólk tileinki sér menningu vinnustaðarins með þessi kjörorð að leiðarljósi. ***Kjörorðin eru sett fram með myndrænum hætti og birt á heimasíðu skólans en betur mætti vinna að þessum markmiðum á heildrænan hátt í skólastarfinu.***
2. Stefnt er að samfelldum vinnudegi fyrir nemendur sem ýmist eru í kennslustundum eða í vinnustofu til að sinna verkefnavinnu undir verkstjórn. ***Þessi hugmynd hefur ekki farið lengra en í hugmyndavinnuna, enn vantar að koma henni í farmkvæmd.***
3. Skólinn leitist við að bjóða fjölbreytt námsframboð svo allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. ***Unnið er markvisst að aukningu námsframboðs í listum, nýsköpun og námi sem tengist veiðum og vinnslu sjávarafurða.***
4. Skólinn leitast við að setja námsefni, námsáætlanir og verkefni inn á kennsluvef skólans. ***Markvisst hefur verið unnið að því að setja allt námsefni inn á Moodle sem er veflægt kennsluumhverfi skólans.***
5. Skólinn leitast við að efla leiðsagnarmat og símat og draga úr vægi lokaprófa. ***Unnið er að þróun leiðsagnarmats við skólann undir leiðsögn áfangastjóra. Þegar til framtíðar er litið verður vægi verkefnatengds náms aukið og er leiðsagnarmat mikilvægur hlekkur í þeirri aðlögun.***

6. Skólinn stuðli að öflugu forvarnarstarfi og tengi það sérstaklega við áfanga í lífsleikni. ***Sérstakt forvarnarteymi er starfandi undir forsvari skólameistara og Stellu námsráðgjafa sem leggur línurnar fyrir forvarnir skólans. Forvarnir eru fléttaðar inn í lífsleiknina.***
7. Skólinn skal vinna markvisst gegn einelti. ***Unnið er að eineltisáætlun skólans.***
8. Skólinn skal stuðla að öflugu félagslífi meðal nemenda og meta það að uppfylltum fullnægjandi skilyrðum til eininga, svo og þátttöku þeirra í öðru félagsstarfi. ***Nemendur sem eru í stjórn nemendafélagsins fá vinnu sína metna til valeininga.***
9. Skólinn skuli hvetja nemendur og starfsfólk til að tileinka sér jákvæð viðhorf til heilsuræktar alla ævi. ***Skólinn er þáttakandi í heilsuefningu framhaldsskólanna, fyrsti undirbúningsfundurinn fór fram í nóvember 2010.***
10. Skólinn hvetji foreldra til þátttöku í störfum foreldrafélags við að veita nemendum stuðning til heilbrigðra lífshátta og virkni í námi. ***Foreldrafélag er við skólann. Foreldrar nýnema voru hvattir á kynningarfundum í ágúst til að starfa með félaginu. Fulltrúi foreldra er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd.***
11. Skólinn skal bjóða upp á dreifnám í sem flestum námsgreinum. ***Vegna niðurskurðar og vegna betra aðgengi nemenda að upplýsingatækni hefur skólinn dregið úr framboði dreifnáms en skráð nemendur í P-nám í staðinn.***
12. Skólinn skuli bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og nýta margmiðlun, hvort heldur í bóknámi eða verknámi. ***Skólinn hefur verið fartölvuvæddur og hafa allir nemendur skólans aðgang að fartölvum. Liður í breyttum kennsluháttum er að nota veflægt umhverfi og leiðsagnarmat.***
13. Skólinn skuli samþætta námsefni og bjóða upp á áfanga sem tengist sögu, atvinnuháttum og náttúru Vestfjarða öðru fremur þar sem því verður við komið. ***Unnið er að þessum þáttum í tengslum við nýja námskrá.***
14. Skólinn leitist áfram við að eiga samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum til að ná markmiðum sínum. ***Skólinn á mjög góð samskipti við fyrirtæki er tengjast verkgreinum skólans, fagfélögum, grunnskólum svæðisins og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.***

Umbótaáætlun MÍ

Sérstök umbótaáætlun var samþykkt í janúar 2010. Í sjálfsmatskýrslu 2009-2010 var lagt mat á hvernig til tókst. Yfirskrift vorannar var: Ábyrgð – Agi: nemendur taki meira ábyrgð á sjálfum sér en áður.

a) Bæta ástundun nemenda.

Leiðir að markmiðum:

- Kennarar verði fyrirmyndir nemenda um stundvísi
- Grípa fyrir inn í vegna slakrar mætingar
- Setja markmið um mætingu nemenda
- Fagreinakennarar láti námsráðgjafa vita ef nemendur eru ekki að sinna sínu og mæta illa
- Senda foreldrum yngri en 18 ára tölvupóst á tveggja vikna fresti
- Mæting/ástundun gildi sem hluti af námseinkunn

Breytingar voru gerðar á eftirfylgni við nemendur og mæting og ástundun sett inn sem hluti af námseinkunn í öllum áföngum.

b) Vinna markvisst með heimanám.

Leiðir að markmiðum:

- Kennarinn noti síðustu 10-15 mínútur kennslustundar til að koma nemendum af stað í heimanáminu.

Kennarar hvattir til að nota ákveðinn tíma fyrir heimanámi. Einstaklingsbundið hvernig þetta til tókst.

c) Bæta umgengni í skólahúsnæði og á skólalóð.

Leiðir að markmiðum:

- Halda fund í upphafi annar með nemendum og kennurum um umgengni
- Umhverfisdagur í skólanum í vor (skemmtun á eftir)

Skólameistari ræðir við nemendur um umgengni á fundum í upphafi hverrar annar.

d) Efla samstarf nemenda og kennara.

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur og starfsfólk komi saman og njóti þess að gera eitthvað saman á önninni

Nemendur og starfsfólk halda sameiginlegt Sólarkaffi og grilla saman á busadegi og dimmision.

e) Faglegt samstarf kennara innan og milli fagreina verði aukið.

Leiðir að markmiðum:

- Vinnuhópar um ákveðin málefni til umbóta (Leiðsagnarmat)
- Vinnustofur og handleiðsla
- Kynning á námskeiðum sem kennarar hafa kost á að fara á

Aðstoðarskólameistari kynnir námskeið sem koma til greina að fá hingað. Leiðsagnarmatsfundir eru haldnir reglulega.

f) Efla sjálfsmat sem grundvöll til úrbóta í skólastarfi.

Leiðir að markmiðum:

- Gera aðgerðarplan fyrir vorönn
- Setja markmið um mætingar
- Setja markmið með útkomu kannanna
- Nota sjálfsmat til enn frekari umbóta í skólastarfinu (enginn fundur á önninni)

Sjálfsmatsáætlun til 2013. Markmið um mætingu í skólasamningi.

g) Aðlaga skólastarfið nýjum lögum.

Leiðir að markmiðum:

- Vinna með brautir, áfanga og ýmsar stefnur skólans
- Vinna að skólanámskrá eftir nýju lögunum.

Innleiðingarferlið gengur frekar hægt. Sjá skýrslu námskrárstjóra um innleiðinguna

Áfram var unnið að þessari umbótaáætlun á haustönn 2010.

Ýmsir viðburðir á árinu

Helstu viðburði í skólahaldinu voru þessir samkvæmt samþykktu skólaalmanaki

Vorönn 2010

Starf með nemendum 4. jan. - 22. maí
 Kennsla hófst 4. janúar. Töflubreytingar 4. jan.
 Árshátíð föstudaginn 12. febrúar
 Miðannarmat sent út 17. febrúar
 Sólrishátíð 26. feb. - 7. mars
 Gróskudagar 4. - 5. mars
 Valdagar 25. mars
 Páskaleyfi 29. mars - 6. apríl
 Síðasti kennsludagur og Dimission fimmtudaginn
 30. apríl
 Vorpróf 3. - 20. maí.
 Endurtektar- og sjúkrapróf 18. - 19. maí. Prófsýning
 20. maí
 Brautskráning og skólaslit, laugardaginn 22. maí
 Starfsdagar kennara 25. og 26. maí

78 kennsludagar

13 prófadagar og annað

91 samtals

Haustönn 2010

Starfsdagar kennara 23. og 24. ágúst
 Heimavist opnuð þriðjudag 24. ágúst
 Starf með nemendum 25. ág-18. des
 Skólasetning miðvikudag 25. ágúst
 Kennsla hófst fimmtud. 26. ágúst
 Miðannarmat sent út 13. október
 Löng helgi 22.-25. október
 Valdagar 28. október
 Síðasti kennsludagur föstud. 3. desember
 Haustpróf 6.-15. desember
 Endurtekt og sjúkrapróf 15. desember
 Prófsýning 16. desember
 Útskrift laugardaginn 18. desember
 Jólaleyfi 20. des - 4. janúar

72 kennsludagar

10 prófadagar og annað

82 samtals

Starfið á árinu einkenndist öðru fremur af miklu annríki stjórnenda og starfsmanna allra við að endurbæta skólastarfið. Skólastarfið var kraftmikið eins og venjulega þar sem allir starfsmenn lögðust á eitt til þess að árangurinn yrði sem bestur. Þetta starf hefur m.a. skilað sér í endurskoðaðri skólanámskrár sem samþykkt var við upphaf vorannar og finna má á vef skólans misa.is. Skólanámsskráin lýsir metnaðarfullri starfssemi skólans. Hún lýsir einnig miklum eldmóð sem ríkir hjá starfslíði skólans þrátt fyrir andstreymi og auknu álagi sem er afleiðing af efnahagshruninu.

Skólastarfið snýst ekki eingöngu um námið heldur er félagslíf nemenda stór þáttur, og var það mjög öflugt á þessu ári og má það öðru fremur þakka rösklegri stjórn nemendafélagsins sem var vel stýrt á skólaárinu 2009-2010. Að venju var glæsileg dagskrá á Sólrishátíðinni í boði nemenda skólans. Mjög vandað skólablað sem fékk nú heitið SMÁÍS var gefið út, við upphaf sólrishátíðu, og var nú í fyrsta sinn aðgengilegt á netinu. Sólrishátíðin, Túsíðingssóperan, eftir Bertolt Brecht, í leikstjórn Hrafnhildar Hafberg, var frumsýnt í Edinborgarhúsinu í byrjun Sólrishátíðar. Leikritið var sýnt fimm sinnum og var aðsókn góð. Þó að það sé ekki alltaf áberandi er það staðreynd að ótrúlega stór hópur nemenda iðkar íþróttir, tónlist og alls konar áhugamál önnur, í frístundum sínum og er það mikils virði og besta forvörnin og leið til aukins þroska.

Forvarnarstefna skólans hefur verið endurskoðuð og breytt og einnig hafa reglur um dansleikjahald á vegum skólans verið hertar. Færri dansleikir hafa verið haldnir á vegum nemendafélagsins og flestir á sal skólans. Samvinna við stjórn nemendafélagsins var einstaklega góð. Á fundum með stjórn nemendafélagsins og fulltrúum þriðjubekkinga við upphaf skólaársins var farið yfir reglur skólans um busavígslur og voru fulltrúar nemenda sammála um að farið yrði eftir þeim reglum sem settar haf verið. Þetta gekk eftir og fór busavígslan afar vel fram og var framgangur þeirra sem henni stjórnuðu skólanum til sóma. Nýnemaferð var síðan farin að Núpi í Dýrafirði þriðja árið í röð og var hún eins og áður afar vel heppnuð.

Framkoma nemenda á ýmsum viðburðum hafa verið til fyrirmyndar. Í starfi mínu sem stjórnandi við skólann frá 1990 hef ég aldrei þurft að hafa minni afskipti af nemendum vegna þess sem miður fer. Meirihluti nemenda hefur verið til fyrirmyndar hvað skólasókn varðar og mikill meirihluti sýnir reglusemi í samskiptum sínum við skólann og fengu 132 nemedur sérstakt þakkarbréf sent heim um jólin vegna þessa þar sem sagt var að *framkoma af þessu tagi er mikilvæg undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og auðveldar kennurum, skólafélögum og reyndar öllum starfsmönnum skólans vinnuna og gerir skólann betri. Um þetta eru starfsmenn skólans sammála.*

Skólakór MÍ heiðraði útskriftarathöfnina bæði á vorönn og um jól með frábærum söng auk þess sem hann kom fram á sal skólans nokkrum sinnum og við ýmis tækifæri í bænum. Morfís lið skólans náði mjög góðum árangri í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna og náði að sigra Menntaskólann Hraðbraut. Umræðuefnið var "Það á að gera Vestmannaeyjar að fanganýlendu" og MÍ-ingar voru meðmælendur. Lið MÍ skipuðu: Andri Pétur Þrastarson, Hreinn Þórir Jónsson, Svanur Pálsson, liðstjóri er Hermann Óskar Hermannsson og þjálfari er Gunnar Atli Gunnarsson fyrrverandi nemandi skólans.

Nemendafélaginu var vel stýrt í vetur og vel var haldið utan um allar fjárreiður þess en þar var í forystu Alberta Guðbjartsdóttir formaður nemendafélagsins og fulltrúi nemenda í skólaráði ásamt Önnu Marzellíusardóttur gjaldkera og einnig fulltrúi nemenda í skólaráði.

Það fyrirkomulag um útlán fartölva til nemenda frá haustönn 2008 var tekið af á haustönn 2010. Ástæðan var fyrst og fremst sú að afföll á fartölvum hefur verið meiri en gert var ráð fyrir. Fartölvurnar voru því allar innkallaðar á prófsýningardag á vorönn og ekki leigðar út. Keyptir voru sérhannaðir skápar í hverja kennslustofu þar sem fartölvurnar eru geymdar og afhenda kennara nemendum fartölvur til afnota í kennslustundum eftir þörfum einnig hafa þeir aðgang að tölvum í húsnæði skólans á opnunartíma til þess að sinna sínu heimanámi.

Með þessu fyrirkomulagi hefur viðhald og kostnaður vegna þjónustu við nemendur minnkar verulega. Nemendur geta áfram komið með sínar eigin fartölvur í skólann og mega nota þær í kennslustundum þegar kennari gefur heimild til þess. Þá verða fartölvur hafðar á bókasafni skólans sem nemendur geta notað vegna heimanáms þegar þeir eru ekki í kennslustundum. Námsumhverfið Moodle sem tekið var í notkun við upphaf síðasta skólaárs hefur reynst vel og verður áfram notað við kennslu og nám. Þarna setja kennarar inn námsáætlanir, fyrirlestra og verkefni og nemendur geta skilað inn úrlausnum verkefna sinna og tekið gagnvirk próf. Ný og öflug ljósritunarvél kom var keypt við upphaf haustannar ásamt annari minni. Í báðum þessum vélum er hægt að skanna inn allt efni í lit og senda gögnin í tölvupósti til starfsmanna. Allur þessi búnaður ætti að minnka verulega pappírnotkun og eru kennarar og nemendur hvattir til þess halda útprentun og ljósritun í lágmarki.

Nemendur í húsasmíði hafa á vorönn unnið að smíði sumarhúss undir leiðsögn kennara í tréiðngreinum. Húsið var auglýst til sölu að loknu verki og selt hæstbjóðanda.

Öflun heimilda og ritun sögu skólans hófst haustið 2007, þegar Björn Teitsson fyrrverandi skólameistari og sagnfræðingur var ráðinn sem söguritari, en Mennta- og menningamálaráðuneytið hefur veitt styrk til verksins sem nemur launum söguritara eða krónur tvær og hálfmilljón. Um miðjan apríl var handriti af sögu skólans skilað til prentsmiðjunnar Ásprents stíls ehf. sem átti lægsta tilboðið í hönnun, umbrot og prentun bókarinnar. Prentun bókarinnar hófst um miðjan ágúst fyrsta upplag var afhent afhent í lok september.

Á haustönninni bar hæst 40 ára afmælisfagnaður skólans 2. október sem haldinn var í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Ávörp fluttu Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi skólameistarar, Jón Baldvin Hannibalsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Einar Hreinsson úr hópi fyrsta árgangsins flutti einnig ávarp.. Björn Teitsson sagnfræðingur og fyrrverandi skólameistari afhenti Sögu Menntaskólans á Ísafirði til 2008. Fyrrverandi nemendur skólans þeir Halldór Smáráson og Halldór Sveinsson fluttu tónlist og svo einnig eftir að formlegri dagskrá lauk þegar afmælisgestum var boðið upp á afmælistertu og annað bakkelsi. Þá var gestum boðið að skoða húsakynni og aðbúnað skólans. Mánudaginn 4. október var öllum nemendum skólans boðið upp á afmælistertu en þann dag voru nákvæmlega fjórtíu ár liðin frá fyrsta kennsludegi skólans í gamla barnaskólanum við Aðalstræti.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur í þessi 40 ár haft margþætt áhrif í okkar samfélagi og skiptir miklu að hann geti veitt þá þjónustu sem vænst er af honum. Gott starfsfólk er undirstaða að velgengi stofnana og fyrirtækja. Menntaskólinn á Ísafirði er skipaður góðu starfsfólki og kennurum sem eru metnaðarfullir og áhugasamir um að veita nemendum sem besta þjónustu. Um þetta eru nemendur skólans sammála eins og fram kom í kennslukönnun

sem lögð var fyrir þá á vorönn. Góður árangur næst með jákvæðum starfsanda þar sem virðing, víðsýni og metnaður ríkir meðal starfsmanna og nemenda, en þetta eru einmitt þau kjörorð sem starfsmenn og nemendur hafa valið. Skólinn stefnir að því að nemendur jafnt sem starfsfólk tileinki sér menningu vinnustaðar með þessi kjörorð að leiðarljósi. Í starfi sínu mun skólinn leitast við að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, auka lýðræðisvitund, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda svo og efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs.

Yfir starfið féll þó skuggi þegar jólapróf stóðu sem hæst. Föstudaginn 10. desember s.l. fengum starfsmenn skólans þá fregn að Guðmundur Þór Kristjánsson kennari vélstjórnargreina, hefði látist þann dag á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Daginn fyrir útskrift við útförina kvöddu starfsmenn og nemendur Menntaskólans á Ísafirði góðan vin, féлага og samstarfsmann.

Samstarf og sérverkefni

Í auknum mæli hefur skólinn hafið samstarf við skóla og stofnanir með það markmið að stuðla að markvissri framþróun í starfsemi hans. Fræðslumiðstöð Vestfjarða og MÍ fengu haustið 2008 24 m.kr. styrk úr svokölluðum Mótvægissjóði til sjö samstarfsverkefna sem lauk nú um síðustu áramót. Skólinn er í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um raunfærnimat í iðngreinum en skilyrði þess að hægt sé að fá slíkt mat eru að minnsta kosti 5 ára staðfestur vinnutími í greininni og að viðkomandi sé að minnsta kosti 25 ára.

Í byrjun febrúar 2010 hóf skólinn samstarf við Vinnumálastofnun Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða til að finna námsúrræði fyrir ungt fólk sem ekki getur eða hefur ekki vilja til að nýta sér hefðbundið nám skólans og er án atvinnu. Vinnumálastofnun greiðir stóran hluta þess kostnaðar sem er vegna könnunar og launa Kristins H. Gunnarsonar sem ráðinn hefur verið sem verkefnisstjóri til sex mánaða frá 1. febrúar. Síðustu daga hafa nokkur ungmenni verið í kynningu og námi hjá námsráðgjöfum og verknámskennurum skólans.

Samstarf hefur verið við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum um valgreinar í verknámi síðan haustið 2008. Á fundi með stjórnendum MÍ og grunnskólastjórum 19 febrúar var ákveðið að efla samstarfið einkum er varðar faggreinakennara grunnskólana og sviðstjóra menntaskólans.

Við upphaf vorannar 2009 hófst samstarf milli MÍ, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum um námskrárgerð og innleiðingu framhaldsskólalaganna. Samhliða þessu hafa stjórnendur skólana haldið

reglulega fundi um ýmis málefni og haft samráð um ýmis málefni með það að markmiði að bæta skólastarfið.

Fjórdi samráðsfundur með VÍSASAUÐNES eins og hópurinn kallar sig var í fjarfundarbúnaði á starfsdögum í loka maí 2010 og ræddu sviðstjórar/fagstjórar og kennarar um hvernig til hefði tekist um innleiðinguna og næstu skref. Samráð skólameistara hefur verið á símafundum. Kennarar og sviðstórar/fagstjórar eru að vinna að frekari útfærslu á áföngum og brautum ásamt stjórnendum. Í skýrslu námskrárstjóra frá 12. Nóv. 2010 um innleiðingarferlið segir:

Samstarf VÍSASAUÐNESS hefur verið með ágætum, sérstaklega hefur samstarfið milli stjórnenda verið gott. Að ræða saman á símafundum hefur rofið einangrun og skapað góðar umræður og niðurstöður. Heilmikil yfirlega hefur farið fram innan skólanna á áföngum skólans ásamt grunnvinnu að bóknámsbrautum, verknámið hefur verið skoðað út frá því að skólarnir hafi svipað nám á fyrsta ári. Þegar litið er á starfið sem heild þá erum við þó svolítið búin að „hjakka“ á byrjunarreit. Umræða um brautir og skiptingu á þrep hefur vafist fyrir fólki. Enginn vill sleppa neinu og flestir vilja fá sína áfanga inn og finnst þeir ómissandi. Afrakstur vinnu VÍSASAUÐNES virðist þó miða í rétta átt. Frestun gildistökkunnar hefur þó óneitanlega sett sitt svipbragð á innleiðingarvinnuna.

Skólinn er í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða og Atvinnuþróunarsetur Vestfjarða um undirbúning verkefnisins Gullkistan sem er m.a. um horfin handverk og viðhald skipa. Verkefnið er fjölþætt, snýr að sögu, varðveislu og umhirðu báta á Vestfjörðum og síðar landinu öllu. Markmiðið er að tengja saman handverk og hugvit bátasmiða, sögu og þekkingarmiðlun menntaumhverfisins og hugmyndaauðgi og ferðaþjónustu, þar sem báturinn spilar lykilhlutverk. Það hlýtur að vera kappsmál fyrir samfélagið hér sem byggir afkomu sína að miklu leyti á veiðum og fiskvinnslu að hér sé boðið upp á skipstjórnarnám. Vonandi verður þetta að veruleika sem allra fyrst.

Skólinn hefur frá 2006 verið með afreksíþróttabraut í samstarfi við Héraðssamband Vestfjarða sem greiðir fyrir laun þjálfara og afnot af íþróttahúsi en skólinn greiðir fyrir kennslu tveggja áfanga á önn.

Skólinn mun í haust bjóða upp á valgreininna Björgunarmaður 1 á tveimur önnum á fyrsta ári og Björgunarmaður 2 og 3 á sitt hvorri önninni á öðru ári. Skólinn verður þá fyrstur framhaldsskóla á Íslandi til að útskrifa fullmenntaða björgunarsveitarmenn. Námið er skipulagt í samvinnu við Björgunarskóla Íslands og munu kennarar þaðan kenna bæði í fjarnámi og í staðbundnum lotum.

Skólinn hefur tekið þátt í verkefni um að koma á fisktækninámi sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur stýrt. Sjö aðrir framhaldsskólar hafa lýst vilja sínum til að bjóða slíkt nám og vera með fulltrúa í stýrihóp sem mun gera tillögu að útfærslu verkefnisins, fylgjast með framvindu þess og annast lokafrágang námsbrautalýsinga til Mennta- og menntamálaráðuneytis um Fisktækninám eins og segir í umsókn Fjölbrautaskóli Suðurnesja í verkefnasjóð skólasamninga sem lögð var inn í apríl s.l. Það hefur lengi verið stefna skólans að taka upp námsgreinar sem tengjast sjávarauðlindinni sem er reyndar undirstaða þess að byggð hefur haldist hér.

Í fundartíma fimmtudaginn 15. apríl var kynning á sal á hvatningarátaki til heilsueflingar sem ípróttasvið skólans stóð fyrir í samvinnu við fjölmarga aðila utan skólans. Þessi kynning tókst afar vel. Í kjölfarið bauð Lýðheilsustöð Menntaskólanum á Ísafirði að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Markmiðið með verkefninu er að stuðla enn betur að velferð og heilsu nemenda skólans, sem og starfsfólks. Rannsóknir sýna að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda, stuðlar að bættum námsárangri og dregur úr brottfalli. Verkefnið býður upp á heildræna stefnu í forvarna- og heilsueflingamálum sem gerir framhaldsskólum kleift að marka sér skýra stefnu, skerpa á aðgerðaráætlun og forvörnum. Skólinn þáði þetta boð með formlegri umsókn og við upphaf haustannar tók skólinn ásamt 19 öðrum framhaldsskólum þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli undir stjórn Lýðheilsustöðvar.

Skólinn hefur aukið samstarf við Ísafjarðarbæ vegna forvarna og hefur forvarnateymi skólans reglulegt samband við forvarnafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Sérstakur fundur var haldinn með forráðamönnum nýnema mánudaginn 31. ágúst. Á þeim fundi var ítarleg kynning á skólastarfinu.

Frá hausti 2008 hefur skólinn unnið að uppbyggingu á nýsköpunarstofu í Menntaskólanum en þar er einhver öflugasti tölvubúnaður sem finnst í framhaldsskóla. Unnið er að þessu í samvinnu við Impru á Ísafirði sem er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hugmyndin byggir á svokölluðu Fab Labs sem er alþjóðlegt net stafrænna smiðja sem ýta undir nýsköpun með því að veita einstaklingum aðgang að stafrænum framleiðslutólum. Nemendur í tréið- og málmiðngreinum fá kennslu á tölvustýrðar vélar og hefur það verið leyst í samstarfi hefur verið við tvö hátæknifyrirtæki á Ísafirði um aðgang að tölvustýrðum vélum þeirra. Miklir annmarkar hafa verið á þessu fyrirkomulagi þar sem framleiðslan hefur þurft að ganga fyrir. Til þess að þetta verði að veru leika þarf aðeins að kaupa tölvustýrðan fræsibúnað. Slíkt tæki verður ekki keypt nema með styrk frá samfélaginu á norðanverðum Vestfjörðum.

Stefnt er að stofnun boða til fundar um þetta verkefni og kjósa undirbúningsnefnd í lok febrúar á næsta ári.

Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði færði skólanum veglega peningagjöf kr. 1000.000 þann 30. október. Fyrir þessa gjöf smíðuðu nemendur og kennarar tréiðngreina hljóðeinangraðan klefa í sal málmíðndeilda, þar sem öll slípun getur nú farið fram án hljóðmengunar. Útvegsmannafélagið færir í dag skólanum að gjöf kr. 350.000 til kaupa á loftþrýstikút en sá gamli var ekki talinn uppfylla öryggiskröfur. Samstarf er við grunnskóla á norðanverðum Vestfjörðum um valgreinar í verknámi eins og fram hefur komið. Á fundi með stjórnendum MÍ og grunnskólastjórum 19 febrúar 2009 var ákveðið að efla samstarfið einkum er varðar faggreinakennara grunnskólana og sviðstjóra skólans.

Í fyrstu viku októbermánaðar heimsóttu nemendur og kennarar frá samstarfsskólanum okkar Lycée Sainte Marie du Port í franska strandbænum Les Sables d'Olonne. Létu gestir okkar vela f dvölinni á mátti sjá tár falla þegar nemendur kvöddust.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og MÍ fengu haustið 2008 24 m.kr. styrk úr svokölluðum Mótvægisjóði til sjö samstarfsverkefna sem lauk nú um síðustu áramót. MÍ er í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um raunfærnimat og könnun á námsframboði og leiðum til að fá ungt atvinnulaust fólk til náms. Önnur fyrirhuguð samstarfsverkefni við Fræðslumiðstöð Vestfjarða eru íslenskukennsla fyrir innflytjendur og skipstjórnarnám.

Skólinn er í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða og Atvinnuþróunarsetur Vestfjarða um verkefnið Gullkistan sem er m.a. um horfin handverk og sögu skipasmíða.

Skólinn metur tónlistarnám frá Tónlistarskóla Ísafjarðar og einnig Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og stefnt er að auka vægi valgreina sem tengjast listum.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Rauðakross Íslands um kennslu í skyndihjálpi.

Skólinn fylgir gæðakerfi ISO 9001:2000 frá Tækniskóla Íslands vegna kennslu í vélstjórnargreinum.

Vinna við námskrágerð og innleiðingu framhaldsskólalaga

Við upphaf vorannar 2009 hófst samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskóla Austurlands um námskrágerð og innleiðingu framhaldsskólalaganna. Á síðasta skólaári var mikil vinna lögð í sjálfsmatsáætlun skólans til ársins 2013 og hefur hún verið birt á heimasíðu skólans. Þá hefur skólanámskráin verið uppfærð eftir mikla

endurskoðun. Sérstök umbótaáætlun var gerð fyrir vorönn 2010 og sett í skólanámskrá.

Yfirskrift vorannar var: Ábyrgð – Agi: Lögð var áhersla á að nemendur tæki meiri ábyrgð á sjálfum sér en áður. Stefnt var að því að bæta skólasókn og ástundun nemenda og unnið markvisst að auknu vinnuframlagi nemenda í kennslustundum og í heimanámi.

Í janúarbyrjun 2010 hóf hópur kennara undir leiðsögn Hreins Þorkelssonar, nýs áfangastjóra, vinnu að innleiðingu leiðsagnarmats við skólann. Hópurinn hittist reglulega og er leiðsagnarmatið þróað áfram innan skólans. Sífellt fjölgaði í hópnum og er almenn ánægja með þessa þróun innan skólans að breyta inntaki náms í nemendamiðað nám í anda nýju laganna og er undanfari þess að meta vinnu í skóla, heimavinnu, vinnustaðavinnu og prófsvinnu sem F-einingar. Fimmtudaginn 11. febrúar 2010 var námskrárfundur um námsbrautir. Hér má segja að ný sýn hafi komið fram um gerð námsbrauta. Skipt var í hópa til að vinna að frumgerð brauta og kjörsviða. Í kjölfarið voru kynntar hugmyndir um nýjar námsbrautir og ákveðið að vinna að markmiðum brauta og valpakka svo hægt væri að hefja lokavinnu við áfangana og varpa þeim yfir á þrepin. Þessi vinna er enn í gangi.

Fimmtudaginn 4. mars. 2010. Símafundur með VÍSASAUÐNES þar sem lögð var áhersla á að ljúka vinnu við námsbrautir: Náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, vélstjórn- og málmiðngreinar og framhaldsskólaprófið. Senda voru áætlanir milli skóla til undirbúnings vorfundi. Á Menntaþingi föstudaginn 4. mars kom fram að gildistöku laganna yrði frestað með einhverju móti en vinna skuli að nýjum námsbrautum áfram.

Vorfundur VÍSASAUÐANES skólanna í fjarfundarbúnaði var haldinn á starfsdögum í maí 2010 um vinnu vetrarins og helstu áhersluatriði. Skipt var í hópa eftir kennslugreinum. Svið- og fagstjórar ræddu um sínar greinar og hvernig vinnan hefði gengið svo og um áframhaldandi samstarf.

Á haustönn 2010 var aðallega verið unnið að leiðsagnarmatinu og samræmingu á kennsluáætlunum meðal kennara en kennarar hittast regluleg til að bera saman bækur sínar og ræða um næstu skref.

Skólameistarar VÍSASAUÐANES skólanna halda reglulega símafundi og nota einnig tækifærið og halda fundi þegar þeir hittast. Á þeim fundum hefur þróast víðtækara samstarf um marga þætti skólastarfsins. Fámennir áfangar á efstu stigum á náttúrufræðibraut hafa verið kenndir í dreifnámi. Skipst hefur verið á upplýsingum er varðar hagræðingu í skólastarfi og viðbrögð við niðurskurði. Sérstaklega hefur verið rætt um leiðir til að hagræða í kennslu faggreina og upplýsingatækniþjónustu og endurskoðun á ýmsum störfum öðrum en kennslu.

Þrátt fyrir blikur á lofti, er síður en svo einhver bilbugur á starfsmönnum skólans. Á kennarafundi 14. desember tilkynntu stjórnendur að stuðningur við nemendur sem standa

höllum fæti í námi yrði aukinn, með fjölgun kennslustunda og að auki með sérstökum stuðningi í heimanámi, sem mun verða boðið upp á þar sem eyður myndast í stundatöflum þeirra. Einnig er verið að undirbúa nýja tveggja ára framhaldsskólabraut fyrir þá sem eru óráðnir í námi, til þess að undirbúa þá til frekara framhaldsnáms. Til þessa verkefnis hefur skólinn fengið styrk uppá kr. 400 þús.krónur. Leitað verður til traustra bakhjarla í félagasamtökum og atvinnufyrirtækjum hér á svæðinu sem ætíð hafa rétt út styðjandi hönd þegar á þarf að halda. Undirbúningi verður væntanlega lokið fyrir innritun í apríl 2011 og nýtt námsframboð kynnt fyrir væntanlegum nemendum sem útskrifast í vor úr 10. bekk grunnskóla.

Fjármál og rekstur

Tekjuafgangur var á rekstri skólans á síðasta ári sem nam 13,1 milljón krónum. Skólinn var því skuldlaus við ríkissjóð með afgang upp á kr. 21,0 milljón við upphaf ársins 2011. Yfirlit um fjárheimildir og rekstur skólans 2006-2010 er sýnt í töflu 6.

Rekstrarafkomuspá 2010 og fjárhagsáætlun 2011

Helstu liðir	Spá um 2010	Áætlun 2011
08 Aðrar rekstrartekjur	-6.002.500	-3.385.365
08 Markaðar tekjur	0	0
08 Sértekjur	-25.257.890	-21.427.879
Tekjur alls	-31.260.390	-24.813.244
01 Laun	190.017.104	184.350.193
02 Ferðir og fundir	2.383.723	3.050.574
03 Rekstrarvörur	10.912.317	11.614.411
04 Aðkeypt þjónusta	41.763.486	40.015.451
05 Húsnæði	43.060.035	55.396.208
06 Bifreiðar og vélar	544.051	277.331
07 Rekstrarkostnaður	11.147.584	4.038.535
Rekstrarkostnaður	299.828.300	298.742.703
Mismunur	268.567.910	273.929.459
Tala til afstemmingar	525.240.823	366.957.286
Til ráðstöfunar		
skv. fjárlögum	285.400.000	258.900.000
frá fyrra ári	7.247.847	21.022.783
annað	-3.057.154	0
Fjárheimildir alls	289.590.693	279.922.783
Rekstrarafkoma ársins	21.022.783	5.993.324
Afgangur 7,3%		Afgangur 2,1%

TAFLA 5. FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR SKÓLANS FRÁ 2005.

Í m.kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjárheimild ársins	207	213	248	247	249	290
Afgangur/halli ársins	-12	-15	17	-14	7,2	21,0
Hlutfall af fjárheimild ársins	-5,8%	-7,0%	6,9%	-5,7%	2,9%	7,3%

Í skólasamningi frá 2006 og síðan við endurskoðun samningsins 2008 hefur fjárframlag til skólans verið miðað við nemendauppgjör eins og það var 2005. Síðan þá hefur námsframboð aukist með tilkomu háriðnbrautar, 3ja árs námi vélstjórnar og stálsmíði ásamt samfélagstúlkun. Vikulegar kennslustundir hafa hins vegar verið skornar verulega niður með hagræðingu og voru á haustönn 140 vikustundum færri en var þá. Það hefur því þurft mikla útsjónarsemi til að ná endum saman. Þar að auki hefur þetta leitt til mikillar aukningar í því að nemendur MÍ sækja áfanga í fjarnámi til annarra skóla, með mun meiri tilkostnaði fyrir þá sjálfa.

Skólakostnaður 2010-2011

- Innritunargjald er kr. 6.000,- krónur, þjónustugjald kr. 10.500,- eða alls kr. 16.500 fyrir hvora önn. Nemendur í verknámi greiða að auki sérstakt efnisgjald í ákveðnum verklegum áföngum og byggir það á efniskostnaði hvers áfanga.
- Dreifnámsnemandi greiðir kennslugjald fyrir hverja einingu í dreifnámi kr 2000. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans www.misa.is. P-nemendur greiða kr. 2000 fyrir hverja einingu fyrir áfanga sem er í boði en kr. 6000 fyrir hverja einingu í áfanga sem ekki er kenndur.
- Nemendafélagsgjald er kr. 4.500,- hvora önn, en er valkvætt. Ýmis hlunnindi fylgja því að vera félagi í NMÍ.
- Efniskostnaður verður í samræmi við raunkostnað fyrir hvern verknámsáfanga.
- Kvöldskólagjald. Heimilt er eða skylt að innheimta 1/3 af kennslukostnaði í kvöldskóla.
- Helsti útgjaldaliður aðkomunemenda er fæðiskostnaður. Mötuneytisgjald veturinn 2010-2011 verður kr. 20.000 á mánuði fyrir morgunverð og hádegisverð auk aðgangs að skrínukosti á kvöldin og um helgar. Matarkort fyrir aðra nemendur en vistarbúa munu kosta kr. 5,800 fyrir 10 máltíðir, en stök máltíð kr. 700,-
- Húsaleiga á heimavist fer eftir stærð og gæðum herbergja og er á bilinu kr. 26.000-30.000. Gömlu herbergin sem eru með sameiginlegum salernum og böðum kosta kr. 20.000 en eru ekki í boði nema hin séu fullsetin. Þráðlaust net er um alla vistina. Gerður er húsaleigusamningur við heimavistarbúa sem skólinn aðstoðar þá við að þinglýsa. Þar með eiga íbúar heimavistar rétt á að sækja um húsaleigubætur til lækkunar á húsnaðiskostnaði.

- Leigu- og þjónustugjöld fyrir fartölvur sem nemendur hafa fengið frá skólanum var felldur niður á haustönn 2010. Einungis er innheimt þjónustugjald.

Í rekstraáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að vikustundir á önn verði 200 færri en var fyrir fjórum árum sem þýðir skerðingu um 8 kennarastöðugildi. Með þessari miklu skerðingu í kennslu ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum mun takast að halda rekstri skólans innan fjárlagarammans á næsta ári. Frekari fækkun kennslustunda verður tæplega gerð nema minnka námsframboð skólans og þá sérstaklega verknámsgreina. Það myndi leiða til fækkunar nemenda.

Menntaskólanum á Ísafirði, 14. mars 2011

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari